




Þjónusta við eldra fólk – kaflí II

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri öldrunarmála, berglind.magnusdottir01@reykjavik.is

2.október 2025





Félagsmiðstöðvar

Hvaða þjónustu rekum við

- Heimaþjónusta
- Félagsstarf
- Matarþjónusta
- Ráðgjöf



- Þjónustuíbúðir
- Akstursþjónusta
- Dagdvalir



- Hjúkrunarheimili
- Dagdvalir



Hvað segja lögin?

- **Félagsþjónustulögin** (40/1991) leggja áherslu á að sveitarfélög beri ábyrgð á félagslegri þjónustu fyrir íbúa, meðal annars fyrir eldra fólk t.d. ráðgjöf, **félagsstarf**, heimaþjónusta.

„Jafnframt skal tryggja öldruðum aðgang að félags- og tómstundastarfi við þeirra hæfi. Í því sambandi skal lögð sérstök áhersla á fræðslu og námskeiðahald um réttindi aldraðra og aðlögun að breyttum aðstæðum sem fylgja því að hætta þátttöku á vinnumarkaði.“

- **Lög um málefni aldraðra** (125/1999) bæta þessum grunni við með því að skilgreina markmið og réttindi aldraðra sérstaklega: að tryggja þeim félagslega og heilbrigðislega þjónustu, að þeir geti búið heima sem lengi sem mögulegt er, og að **félags- og tómstundastarf sé hluti af þjónustutilboði þeirra**.

„Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta.“

Hvaða stuðningur kemur frá ríkinu?

- Það er til **Framkvæmdasjóður aldraðra** sem veitir styrki til uppbyggingar öldrunarþjónustu, og meðal verkefna sem hægt er að sækja um styrki fyrir eru **þjónustumiðstöðvar** (oftast talað um félagsmiðstöðvar eldra fólks).
- Sérstaklega segir í reglugerð að styrkur til þjónustumiðstöðva megi nema allt að 20% af heildarkostnaði.
- Til að fá styrk þarf framkvæmdaleyfi og rekstrarleyfi fyrir slíka þjónustumiðstöð / starfsemi fyrir aldraða, eftir því sem lög kveða á um.

Hverjir reka félagsmiðstöðvarnar?

Rekstur:

Þjónusta velferðarsviðs er rekin út frá 4 Miðstöðvum, Vesturmiðstöð, Norðurmiðstöð, Suðurmiðstöð og Austurmiðstöð. Þessar miðstöðvar reka 14 af 16 Félagsmiðstöðum.

Starfsmenn:

Verkefnastjóri félagsstarf, virknipjálfi og starfsmenn í móttökueldhúsum

Matur:

Heitur matur sendur alla virka daga og um helgar á Vitatorg

Félagsmiðstöðvar eldra fólks

Félagsstarf í húsnæði þjónustuíbúðakjarna

- Seljahlíð
- Lönguhlíð
- Norðurbrún
- Furugerði
- Vitatorg
- Dalbraut

Félagsstarf í húsnæði fyrir eldra fólk

- Dalbraut
- Aflagrandá
- Hvassaleiti
- Hraunbæ
- Bólstaðarhlíð
- Hæðargarði
- Árskógum

Félagsstarf í Borgum

Korpúlfar, félag eldri borgara í Grafarvogi er sjálfstætt starfandi félag sem stendur fyrir umfangsmiklu félagsstarfi fyrir eldra fólk. Starfið er dyggilega stutt af Reykjavíkurborg sem leggur starfinu til húsnæði og starfsmann.

Félagsmiðstöðvar eldra fólks

Félagsstarf í Fjölskyldumiðstöðinni Gerðubergi í Gerðubergi

er fjölbreytt starf fyrir alla aldurshópa sem hefur þróast út frá þörfum félagsstarfsins á svæðinu og er starf eldra fólks þar stór hluti.

Sléttan félagsmiðstöð

Sléttan er heiti lífsgæðakjarna við Sléttuveg 25-27. Þar er félagsmiðstöð rekin af Hrafnistu samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg og, en auk þess er þar að finna hjúkrunarheimili Hrafnistu, leiguíbúðir Naustavarar og dagdvölina Röst.

Eldra fólk eða fyrir alla?

„Á velferðarsviði er rekin umfangsmikil starfsemi í félagsmiðstöðvum og samfélagshúsum sem mætir fjölbreyttum þörfum **fullorðinna borgarbúa frá 18 ára aldri. Sveitarfélögum er skylt lögum samkvæmt að tryggja aðgang að félags- og tómstundastarfi við hæfi.** Um er að ræða 16 staði á vegum Velferðarsviðs þar sem rekið er allt frá **opnu félagsstarfi fyrir alla aldurshópi** að sérhæfðara starfi fyrir tiltekna hópa, einkum eldra fólk. Markmið félagsstarfsins er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómstundastarf auk fjölda námskeiða. Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannlegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins. Hver stöð býður upp á sína eigin dagskrá sem samanstendur af ýmsum spennandi hlutum, s.d. vinnustofur, hagleikssmiðjur, listasmiðjur og klúbbastarf ýmiskonar, spilamennsku, skoðunarferðir og dans og leikfimi. Síðan eru ýmsir viðburðir árlegir og/eða tilfallandi, svo sem grillveisla, haustfagnaður og þorrablót. Lögð er áhersla á sjálfsprottið félagsstarf sem allir geta haft áhrif á. Hádegisverður og kaffiveitingar er í boði á öllum félagsmiðstöðvum. Að auki bjóða flestar félagsmiðstöðvarnar upp á baðþjónustu. Hárgreiðslu- og fóttaaðgerðastofur eru einnig starfræktar í mörgum stöðvum“. (úr skýrslu starfshóps um stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa)

Árskógar

Frístunda– og félagsstarf

Árskógar 4
109 Reykjavík

Bólstaðarhlíð 43

Félagsstarf

Bólstaðarhlíð 43
105 Reykjavík

Aflagrandi 40

Félagsstarf

Aflagrandi 40
107 Reykjavík

Um samfélagshúsið

Gerðuberg

Félagsstarf

Gerðuberg 3–5
111 Reykjavík

Lindargata 59

Félagsstarf

Lindargata 59
101 Reykjavík
Samfélagshúsið við Lindargötu 59

Borgir

Félags- og menningarmiðstöð

Spöngin 43
112 Reykjavík



Nýjar áherslur- Heilbrigð öldrun

WHO skilgreinir „healthy ageing“ sem:

„the process of developing and maintaining the functional ability that enables wellbeing in older age.“ World Health Organization+1
Þ.e. það snýst ekki eingöngu um að vera laus við sjúkdóma, heldur að hafa þau líkamlegu, vitsmunalegu og félagslegu hæfileika sem gerir fólk kleift að gera það sem það metur að gera í lífinu, og lifa með reisn.

Félagsmiðstöðvar og heilbrigð öldrun

- Félagsmiðstöðvar eru eða ættu að geta verið eins konar „heilbrigðis- og félagsmiðstöðvar“ í nærumhverfi eldra fólks, þar sem bæði heilsuefling, menning, vinátta og stuðningur mætast á einum stað.
- Félagsmiðstöðvar eldra fólks geta verið hjartað í því að innleiða þessar WHO-áherslur í samfélaginu:
 - vinna gegn aldursfordómum
 - aldursvænt umhverfi
 - heildræn þjónusta og stuðningur
 - stuðningur við langtímaumönnun
 - valdefling og þátttaka eldra fólks sjálfs

- Vinna gegn aldursfordómum**

- Félagsmiðstöðvar geta skipulagt viðburði þar sem kynslóðir mætast, t.d. sameiginleg verkefni barna, ungmenna og eldri borgara.
- Sýna fram á fjölbreytileika og kraft eldra fólks með sýningum, frásögnum og námskeiðum þar sem eldri borgarar miðla eigin reynslu.

- Aldursvænt umhverfi**

- Tryggja að húsnæðið sé aðgengilegt og þægilegt fyrir alla, óháð hreyfigetu eða heyrn/sjón.
- Hafa aðstöðu til hreyfingar, afslöppunar og félagslegra samverustunda.
- Nýta miðstöðina sem tengipunkt í hverfinu, t.d. fyrir gönguhópa, menningarferðir og samkomur.

- Heildræn þjónusta og stuðningur**

- Bjóða upp á upplýsingahorn þar sem fólk getur fengið ráðgjöf um heilsu, réttindi og félagsþjónustu.
- Hafa samstarf við heilbrigðisstarfsfólk sem kemur reglulega í miðstöðina, t.d. hjúkrunarfræðinga eða sjúkrapjálfa sem veita einfalt eftirlit og fræðslu. Námskeið til að halda færni t.d. búa til mat, panta á neti.

- Stuðningur við langtímumönnun**

- Félagsmiðstöðvar geta orðið vettvangur fyrir stuðningshópa bæði fyrir þá sem þurfa meiri aðstoð og fyrir aðstandendur.
- Skipuleggja fræðslu og námskeið um heimaþjónustu, hjálpartæki og sjálfsumönnun.

- Valdefling og þátttaka eldra fólks sjálfs**

- Láta eldri borgara sjálfa móta dagskrá og hafa áhrif á stefnu félagsmiðstöðvarinnar.
- Stuðla að virkri þátttöku í nefndum, sjálfboðaliðastarfi og verkefnum sem gagnast hverfinu öllu.



Takk fyrir Félagsstarf

...næst Þjónustuíbúðir😊